

## Fyrirspurn

til mennta- og menningarmálaráðherra um málefni Hljóðbókasafns Íslands.

Frá Guðmundi Andra Thorssyni.

1. Stendur til að skoða starfsemi Hljóðbókasafns Íslands í ljósi breyttra markaðsaðstæðna nú þegar æ meira tíðkast að gefa út bækur á almennum markaði sem hljóðbækur og þær eru í auknum mæli aðgengilegar í streymislausnum?
2. Hyggst ráðherra leita skýringa á því hvers vegna hlutfall lánþega Hljóðbókasafns er verulega hærra hér á landi en til dæmis annars staðar á Norðurlöndunum?
3. Telur ráðherra eðlilegt að bækur séu lesnar inn á vegum Hljóðbókasafns og dreift á sama tíma og þær koma út á almennum markaði á pappír, sem raðbækur og í hljóðbókarformi?
4. Telur ráðherra eðlilegt að sambærileg takmörkun sé til staðar þegar kemur að útlánnum Hljóðbókasafnsins á einstökum verkum eins og á útlánnum almennra bókasafna?
5. Telur ráðherra að sanngjarnar greiðslur komi fyrir afnot verka til höfunda og annarra rétthafa? Ef ekki, hyggst ráðherra gera bót á því?

Skriflegt svar óskast.